



Til: "Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>  
Efni: Re: Fw: Efri-Reykir í Bláskógabyggð, hótél og baðlón  
Upplýsingar: Sent: 14.01.2020 11:08:03 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2020010041, Málalýklar: 42-0 Umsagnir almennt

---

Tilvísun í mál: 2020010041

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 7. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn vegna uppbyggingu hótels og baðlóns að Efri-Reykjum í Bláskógabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins þ.m.t. svör framkvæmdaaðila vegna innsendra umsagna.

### Almennt

Náttúrufræðistofnun telur framlagða fyrirspurn, ásamt seinni viðbótum, vel fram setta og gera nokkuð vel grein fyrir hvernig verður staðið að framkvæmdum meðal annars m.t.t. til hreinsunar á vatni og m.t.t. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Eins og kemur fram í fyrirspurninni er Brúará á náttúruuminjaskrá ásamt 200 m spildu beggja vegna árinna. Aftur á móti kemur ekki fram í að Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að Laugarvatn-Apavatn-Brúará verði sett á B-hluta náttúruuminjaskrár, framkvæmdaaætlun, sjá hér <https://www.ni.is/node/21653>. Forsendur tillögunnar eru vernd. ferskvatnsvistgerða, jarðhitavistgerða og fuglategunda. Undir aðgerðir til verndar í tillögu Náttúrufræðistofnunar er lagt til að tryggja þurfi að ekki verði byggt of nærri vatns og árbökkum komi til þess. En í tillögunni segir að til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða þurfi að tryggja að jaðarsvæðum þeirra **sé ekki raskað í að minnsta kosti allt að 100 m frá þeim**. Það fer svo auðvitað eftir eðli framkvæmdar og staðsetningu hve miklar kröfur þarf að gera. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Svæðið er flokkað sem mikilvægt fuglasvæði sjá hér [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) bls. 259.

### Vatn

Ár á yngri berggrunni voru í frummati á verndargildi ferskvatnsvistgerða almennt flokkaðar með miðlungshátt verndargildi í fjölríti nr. 54, [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf). Hvað Brúará varðar var lagt til að hún færi á B-hluta náttúruuminjaskrár, sjá hér að ofan. Þrátt fyrir að Brúará sé ekki skilgreind sem viðkvæmur viðtaki eða síður viðkvæmur viðtaki er mikilvægt að vel sé gætt að frárennsli og mögulegri mengun frá skólpi. Einnig er mikilvægt að sýkingarhætta sé í lágmarki þar sem reiknað er með að 500 pe (búið að hækka í 750 pe eftir nýjan útreikning) verði losaðar út. Fylgjast þarf vel með álstyrk heita vatnsins vegna áhrifa á vatnalíf (sérstaklega seiði) og mögulega þarf frekari aðgerðir til að álstyrkur haldist innan marka. Líkt og gert er ráð fyrir þarf að fylgjast vel með BOD í frárennsli og styrkja hreinsun sé þess þörf þar sem áhrif af vanmeðhöndluðu skólpi geta komið fram, t.d. hjá þörungum þrátt fyrir að Brúará sé vatnsmikil.

Innan marka deiliskipulags er flatlendisvatn en flatlendisvötn flokkast með hátt verndargildi skv. frummati á verndargildi vistgerða í fjölríti nr. 54 og voru flatlendisvötn flokkuð sem forgangsvistgerð við gerð tillagna að svæðum á B-hluta náttúruuminjaskrár. Á mynd 2.2 virðist vanta flatlendisvatnið á myndina eða því verið raskað?. Náttúrufræðistofnun er ókunnugt um hversu náttúrulegt vatnið er eða hvort eða hve mikið því hefur verið raskað vegna t.d. malarnáms (E45)? Töluvert pláss fer undir lón og hreinsitjarnir eða 10.800 m<sup>2</sup> sem falla að mestu leyti innan svæðis á náttúruuminjaskrá (200 m beggja vegna Brúarár).

Út frá stærð og umfangi framkvæmdarinnar verður að teljast líklegt að einhver áhrif muni verða á vatn og vatnalíf svæðisins. Hve staðbundin þau áhrif eru fer svo eftir hitastigi, vatnsmagni og efnainnihaldi frárennslisins og hvernig verður staðið að mótvægisáðgerðum, t.d. með hreinsun skólps og kælingu vatns. Einnig mun skipta miklu máli upp á áhrif hvort seinna meir verði tekin upp klórhreinsun sem skapar mun meiri mengunarhættu. Það er því líklegt að einhver neikvæð áhrif verði á verndargildi árinna, í það minnsta staðbundið, ef ekki er farið að ítrústu kröfum um mengunarvarnir.

### Vistgerðir á landi

Ágætar upplýsingar eru veittar um landvistgerðir sbr. úttekt Náttúrustofu Vestfjarða. Þarna eru fyrst og fremst víðirunnavist og kjarrskógavist, auk snarrótarvistar, sem kemur vel heim og saman við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar, loftmyndir og vettvangsmyndir. Talsverð beit er á þessu svæði og sér í opnur í gróðurþekju hér og þar. Runnar virðast þó vera að sækja á og virðist þéttleiki þeirra mestur nær ánni. Landið er að mestu framræst og líklega deigt á köflum.

Ekki er mikið fjallað um plöntutegundir í úttektinni/fyrirspurninni. Samkvæmt korti Náttúrufræðistofnunar yfir lindir (heitar uppsprettur), sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd (<https://serstokvernd.ni.is/>), er heitur hver á þessu svæði, líklega á slóðum borholu Hlíðarveitu sem stendur austan Reykjavegar. Ekki er víst hvort ummerki séu um jarðhita á yfirborði sem gæfi þá tilefni til að þarna væri að finna jarðhitavistgerðir eða hitakærar plöntutegundir. Í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar finnast ekki plöntuskráningar frá Efri-Reykjum. Nokkuð er um skráningar frá svæðum í grennd, s.s. Syðri-Reykjum og Reykjagili. Vegna rannsókna á lághitasvæðum var farið um þetta svæði árið 2012 en ekki voru unnar rannsóknir á þessu svæði, þar sem líklega hefur ekki verið talin þörf á því (Rannveig Thoroddsen, pers. uppl.). Jarðhitavatn úr borholunni rennur nú eftir skurðum um landið og niður að á, í tilbúinn poll við ána eins og stendur í kafla 5.5 um vatnafar, vatnalíf og vatnsgæði í skýrslu Verkís.

### Nokkrar aðrar athugasemdir:

- Skipulagsreitnum er þröngur stakur sniðinn milli veghelgunar (100 m), vatnsbakka og verndarsvæðis Brúarár (200 m, skv. kortasjá NÍ <https://natturuminjaskra.ni.is/>). Í skýrslu Verkís er tekið fram að nálægð við ána er nauðsynleg fyrir framkvæmdina, „enda er nálægð baðlóna og bygginga við ána mikilvæg til að tryggja rekstrargrundvöll hótels og lóns, enda er áin falleg og eftirsóknarverður staður til að vera við“. Er miðað við vatnshelgunarlínu 75 m en ekki eru færð rök fyrir því hvers vegna sú fjarlægð frá bakka þykir hæfileg. Hér ættu verndarsjónarmið vegna ferskvatns og fugla frekar að ráða fjarlægð vatnshelgunarlínu frá vatnsbakka frekar en „ímynduð“ nauðsyn vegna ferðamanna því varla skipta nokkrir tugir metra svo mikli máli hvað ferðamenn varðar.
- Í svari Verkís við umsögn UST er sagt í kafla 1.3 Lífríki: „Umhverfisstofnun kallaði eftir að frekar yrði gert grein fyrir hvaða náttúrulegi gróður eigi að vera til staðar í hreinsitjörnunum, sem myndi þola 34°C heitt baðvatn og brennisteinsefnasambönd.

**Svar:** 34°C hiti og brennisteinsefnainnihald eru á engan hátt óvenjulegar aðstæður í heitum lækjum á Íslandi. Ekki þarf að horfa lengra en til núverandi hitaveitulækjar sem rennur í Brúará, en þar rennur heitt vatn með sama efnainnihaldi og hita (sjá mynd). Ef ekkert er gert þá mun sambærilegur gróður kvikna af sjálfu sér í hreinsitjörnunum. *Tjarnirnar sem verða ávalt með hita á bilinu 25-34°C gætu einnig verið spennandi staður til að prófa sig áfram með innfluttar hitakærar vatnplöntur sem ekki gætu vaxið annarsstaðar á Íslandi.* [ NÍ, skáletrun er breyting frá upphaflegum texta]

Til að vernda íslenska náttúru almennt og vegna nálægðar við svæði á nátturuminjaskrár þar sem sérstaklega er lagt er til að vernda ferskvatnsvistgerðir og jarðhitavistgerðir verður Náttúrufræðistofnun að lýsa yfir furðu sinni á því að framkvæmdaaðili skuli leggja til að gerðar séu tilraunir með hitakærar innfluttar vatnplöntur sem hæglega geta dreifst um landið þó sá varnagli sé settur að nota eigi plöntur sem ekki gætu vaxið annarsstaðar á Íslandi, sjá síðar. Tilraunir með plöntur innfluttra tegunda á jarðhitasvæðum tíðkuðust hér á árum áður. Í dag gilda strangar reglur um leyfi til að flytja inn framandi lífverur. Miklum meirihluta jarðhitasvæða, einkum lághitasvæða hefur verið raskað með ýmis konar jarðhitanytingu. Hefur það staðbundið rýrt gildi bæði land- og ferskvatnsvistgerða sem háðar eru jarðhita. Fjöldi lághitasvæða er við Laugarvatn, Apavatn og á vatnasviði Brúarár, m.a. við vatnsbakka árinna, og þar eru þekktir vaxtarstaðir vaxtafugla. Neðar á vatnasviði Brúarár er til dæmis

Reykjanes, sem hefur hátt verndargildi vegna jarðhitavistgerða og lagt er til að vernda (<https://www.ni.is/node/21653>). Í ljósi þessa og að jarðhitavistgerðir almennt eru fágætar og staðbundnar, leggst Náttúrufræðistofnun alfarið gegn því að gerðar séu tilraunir með framandi hitakærar vatnplöntur sem geta bæði orðið ágengar og dreifst enda mjög vafasamt að fullyrða að ákveðnar tegundir geti ekki vaxið annarsstaðar á Íslandi ef þær geta vaxið á umræddum stað. Ef þetta er almennt afstaða framkvæmdaraðila til náttúruverndar þarf að skoða allar hliðar þessa máls mjög vandlega.

- Framkvæmdaraðili stefnir að því að framkvæma grunnrannsókn áður en framkvæmdir hefjast og svo aftur eftir tvö ár eftir að rekstur hefst. Náttúrufræðistofnun fagnar því að gerðar verða grunnrannsóknir. Hins vegar er eðlilegt er að vöktun sé yfir lengri tíma með jöfnu millibili til að meta langtímaáhrif, sérstaklega ef baðlónið verður gert í áföngum eða farið verði í aðrar stærri breytingar.
- Í kafla 5.7 er tekið er fram að mótvægisáðgerðir muni m.a. fela í sér eflingu gróðurs á því svæði þar sem ekki verða framkvæmdir. Mikilvægt er að þar sé sett fram stefna um að nota eingöngu staðargróður, enda um svæði á náttúruminjaskrá að ræða, en að ekki séu notaðar framandi, hugsanlega ágengar, tegundir. Engin stefna virðist vera um þetta í fyrirspurninni, sjá einnig hér að framan.
- Göngustígar um skipulagssvæðið eiga að vera allt að 2,5 m breiðir malarstígar og er það nokkuð vel í lagt og spurning hvort ekki eigi að gera ráð fyrir eitthvað nettari stígum, a.m.k. þar sem þeir liggja lengra frá helstu byggingum og að bakka Brúarár.

## Niðurstaða

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki líklegt að framangreind framkvæmd valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum að því tilskyldu að farið verði að ýtrustu kröfum um mengunarvarnir og aðra náttúruvernd og ef byggingar og baðlón eru eins langt frá ánni og mögulegt er. Það eru hins vegar ýmis atriði sem benda til þess að framkvæmdaraðili geri sér ekki að fullu grein fyrir hvað felst í raunverulegum mótvægisáðgerðum eða aðlögun að þeirri náttúru og umhverfi sem um ræðir. Hér er t.d. og sérstaklega átt við hugmyndir um að gera tilraunir með notkun framandi plöntutegunda á náttúruverndarsvæði. Það þarf því að tryggja að öll starfsleyfi innihaldi viðeigandi skilyrði.

Náttúrufræðistofnun telur að það sé æskilegt að skrásetja plöntutegundir skipulega innan svæðisins (grunnrannsóknir), einkum m.t.t. til jarðhita.

Náttúrufræðistofnun telur að það sé verulega til bóta að fallið sé frá klórhreinsun og að skólphreinsun verði meiri/ítarlegri en tveggja þrepa.

Náttúrufræðistofnun telur að fara eigi með framkvæmdina eins langt frá árbakka og mögulegt er og a.m.k 100 m í stað 75 m til að tryggja að jaðarsvæðum Brúarár verði ekki raskað.

Einnig telur stofnunin að vöktun á frárennsli eigi að vera viðvarandi, hve mikil og hve oft fer eftir efni og ástæðum og væntanlega gert í samráði við viðkomandi eftirlitsaðila.

Nálægð við ána er mikil og trúlegt, ef af framkvæmdum verður, að umferð verði nokkur um göngustíga sem liggja að eða með bökkum. Skipuleggja þarf göngustíga þannig að áhrif á fuglalíf verði sem minnst. Með auknu álagi af völdum ferðamanna og ferðaþjónustu á Íslandi þarf að marka stefnu um að byggja almennt ekki á náttúruverndarsvæðum heldur utan þeirra.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



----- Forwarded by Trausti Baldursson/NI.IS on 07.01.2020 15:49 -----

From: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>  
To: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>  
Date: 07.01.2020 15:48  
Subject: Efri-Reykir í Bláskógabyggð, hótél og baðlón

Skipulagsstofnun barst erindi frá Verkís verkfræðistofu dags. 18. júlí 2019 þar sem tilkynnt var um uppbyggingu hótels og baðlóns að Efri-Reykjum í Bláskógabyggð. Við nánari athugun telur Skipulagsstofnun rétt að óska eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fyrirhugaðra framkvæmda áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsskyldu þeirra. Stofnunin óskar þess að umsögnin berist við fyrsta mögulega tækifæri.

Meðfylgjandi er tilkynningargreinargerðin og einnig svör framkvæmdaraðila við umsögnum. Vekjum sérstaka athygi á því að skv. tilkynningu er sá valkostur settur fram að vera með klórhreinsun í baðlónum en framkvæmdaraðili er hættur við klórhreinsun sbr. það sem fram kemur í svörum við umsögn t.d. Umhverfisstofnunar.

---

**Jakob Gunnarsson**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100, fax 595 4165  
jakob@skipulag.is  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)